

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1317**2022/EES/26/15****frá 9. ágúst 2021****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir blý í tilteknum matvælum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir blý (Pb) í ýmsum matvælum.
- 2) Hinn 18. mars 2010 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) álit um blý í matvælum ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi að blý geti valdið taugaeiturhrifum á þroskun hjá smábörnum og hjarta- og æðavandamálum og eiturhrifum á nýru hjá fullorðnum. Áhættumatid fyrir blý var byggt á þessum hugsanlegu mikilvægu skaðlegu áhrifum. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki lægju fyrir vísbendingar um viðmiðunarmörk fyrir nokkra mikilvæga endapunkta, þ.m.t. taugaeiturhrif á þroskun og eiturhrif á nýru hjá fullorðnum. Af þessum sökum var ekki viðeigandi að ákvarða þolanlega vikulega inntöku. Matvælaöryggisstofnunin lét í ljós áhyggjur af því að núverandi gildi fyrir fæðutengd váhrif af völdum blýs gætu haft áhrif á taugaþroskun hjá fósturum, ungbörnum og börnum.
- 3) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum og aðskotaefni komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni á árinu 2010 ⁽⁴⁾ að niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar væru staðfestar.
- 4) Að teknu tilliti til nýjustu gagna um tilvist lækkaði Alþjóðamatvælaáráðgjafið CXL-hámarksgildin fyrir blý í salti (að undanskildu salti úr sjávarfritjum) úr 2 mg/kg í 1 mg/kg á 41. fundi sínum.
- 5) Að teknu tilliti til nýjustu gagna um tilvist lækkaði Alþjóðamatvælaáráðgjafið CXL-hámarksgildin fyrir ætan sláturmat úr 0,5 mg/kg í 0,2 mg/kg fyrir ætan sláturmat úr nautgripum, 0,15 mg/kg fyrir ætan sláturmat úr svínunum og 0,1 mg/kg fyrir ætan sláturmat úr alifuglum á 42. fundi sínum. Það lækkaði einnig hámarksgildin fyrir vín sem er gert úr þrúgum úr 0,2 mg/kg í 0,1 mg/kg og fastsetti hámarksgildi fyrir styrkt vín/líkjörvín sem er gert úr þrúgum við 0,15 mg/kg. Bæði hámarksgildin gilda um vín sem er gert úr þrúgum sem eru tíndar eftir þann dag þegar hámarksgildin voru samþykkt á 42. fundi Alþjóðamatvælaáráðsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 286, 10.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

(3) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2010. „Scientific Opinion on lead in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1570, <https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.2903/j.efsa.2010.1570>

(4) „Evaluation of certain food additives and contaminants: Seventy-third report of the joint FAO/WHO Expert Committee on Food Additives. WHO Technical Report Series 960“.

- 6) Í ljósi þessarar þróunar og nýjustu gagna um tilvist ætti að draga úr fæðutengdum váhrifum af völdum blýs í matvælum í Sambandinu með því að lækka gildandi hámarksgildi eða fastsetja viðbótarhámarksgildi fyrir matvæli þar sem raunhæft er að ætlast til að megi ná lægri gildum fyrir blý, þ.e.a.s. sláturmat, tiltekin matvæli fyrir ungbörn og smábörn, salt og villta sveppi. Af sömu ástæðum ætti að lækka hámarksgildin fyrir blý í víni og fastsetja hámarksgildi fyrir líkjörvín að því er varðar þessar afurðir sem eru framleiddar úr framtíðaruppskerum. Að lokum ætti að fastsetja hámarksgildi fyrir krydd af sömu ástæðum en einnig til að hjálpa til við baráttuna gegn svíksamlegu athæfi, s.s. að bæta blýkrómati við í túrmerik.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 8) Þar eð blý er dauft óbeint krabbameinsvaldandi erfðaeitur og tilvist þess skapar af þessum sökum meiri áhættu fyrir lýðheilsu ætti þó eingöngu að heimila að vörur, sem eru ekki í samræmi við nýju hámarksgildin fyrir blý og voru settar á markað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, verði áfram á markaði í takmarkaðan tíma.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli, sem skráð eru í viðaukann, sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar mega vera áfram á markaði til 28. febrúar 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað undirþáttar 3.1 (blý) í 3. þætti, málmar, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 kemur eftirfarandi:

	„Matvæli ⁽¹⁾ “	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
3.1	Blý	
3.1.1	Hrámjólk ⁽⁶⁾ , hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk	0,020
3.1.2	Ungbarnablöndur, stoðblöndur og smábarnablöndur ⁽⁵⁷⁾	
	settar á markað í duftformi ^{(3) (29)}	0,020
	settar á markað í fljótandi formi ^{(3) (29)}	0,010
3.1.3	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ^{(3) (29)} önnur en þau sem eru tilgreind í lið 3.1.5	0,020
3.1.4	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum	
	sett á markað í duftformi ^{(3) (29)}	0,020
	sett á markað í fljótandi formi ^{(3) (29)}	0,010
3.1.5	Drykkir fyrir ungbörn og smábörn, merktir og seldir sem slíkir, aðrir en þeir sem getið er í liðum 3.1.2 og 3.1.4	
	settir á markað í fljótandi formi eða sem á að endurgera með því að bæta vatni í þá samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, þ.m.t. aldinsafar ⁽⁴⁾	0,020
	sem á að tilreiða með því að laga seyði eða með seyðingu ⁽²⁹⁾	0,50
3.1.6	Kjöt (að undanskildum sláturmat) af nautgripum, sauðfé, svínunum og alifuglum ⁽⁶⁾	0,10
3.1.7	Sláturmatur ⁽⁶⁾	
	af nautgripum og sauðfé	0,20
	af svínunum	0,15
	af alifuglum	0,10
3.1.8	Fiskhold ^{(24) (25)}	0,30
3.1.9	Smokkar ⁽⁵²⁾	0,30
3.1.10	Krabbadýr ^{(26) (44)}	0,50
3.1.11	Samlokur ⁽²⁶⁾	1,50
3.1.12	Kornvörur og belgjurtir	0,20
3.1.13	Rótar- og hnýðisgrænmeti (að undanskildum hafursrótum, fersku engiferi og fersku túrmeriki), laukar, blómstrandi kál, kálhöfuð, hnúðkál, belgávextir og stöngulgrænmeti ^{(27) (53)}	0,10
3.1.14	Blaðkál, hafursrætur, eftirfarandi sveppir <i>Agaricus bisporus</i> (ætisveppur), <i>Pleurotus ostreatus</i> (ostruvængur), <i>Lentinula edodes</i> (tókasveppur) og blaðgrænmeti (að undanskildum ferskum kryddjurtum) ⁽²⁷⁾	0,30
3.1.15	Villtir sveppir, ferskt túrmerik og ferskt engifer	0,80

3.1.16	Aldingrænmeti	
	sykurmaís ⁽²⁷⁾	0,10
	annað en sykurmaís ⁽²⁷⁾	0,05
3.1.17	Aldin, að undanskildum trönuberjum, rifsberjum og sólberjum, ylliberjum og aldinum jarðarberjatrés ⁽²⁷⁾	0,10
3.1.18	Trönuber, rifsber og sólber, ylliber og aldin jarðarberjatrés ⁽²⁷⁾	0,20
3.1.19	Fita og olfur, þ.m.t. mjólkurfita	0,10
3.1.20	Aldinsafar, þykktir aldinsafar sem búið er að endurgera með því að bæta vatni í þá og ávaxtanektar	
	einungis úr berjum og öðrum smáum aldinum ⁽¹⁴⁾	0,05
	úr aldinum, öðrum en berjum og öðrum smáum aldinum ⁽¹⁴⁾	0,03
3.1.21	Vín, (þ.m.t. freyðivín, að undanskildu líkjörvíni), eplavín, peruvín og ávaxtavín ⁽¹¹⁾	
	afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2001 til ávaxtauppskeru ársins 2015	0,20
	afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2016 til ávaxtauppskeru ársins 2021	0,15
	afurðir sem eru framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2022	0,10
3.1.22	Kryddvín, drykkir, að stofni til úr kryddvíni og hanastél, blönduð með kryddvíni ⁽¹³⁾	
	afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2001 til ávaxtauppskeru ársins 2015	0,20
	afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2016 til ávaxtauppskeru ársins 2021	0,15
	afurðir sem eru framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2022	0,10
3.1.23	Líkjörvín sem er gert úr þrúgum (*)	
	afurðir sem eru framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2022	0,15
3.1.24	Fæðubótarefni ⁽³⁹⁾	3,0
3.1.25	Hunang	0,10
3.1.26	Þurrkuð krydd ⁽²⁹⁾	
	Aldinkrydd	0,60
	Krydd úr rótum og jarðstönglum	1,50
	Barkarkrydd	2,0
	Blómhnappakrydd og frævukrydd	1,0
	Krydd úr fræjum	0,90
3.1.27	Salt, að undanskildu eftirfarandi óhreinsuðu salti: „fleur de sel“ og „grátt salt“ sem eru fengin handvirkt úr sjávarfitjum með leirbotni	1,0
	Eftirfarandi óhreinsað salt: „fleur de sel“ og „grátt salt“ sem eru fengin handvirkt úr sjávarfitjum með leirbotni	2,0

(*) Eins og skilgreint er í II. hluta VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).“